

4. fundur Betadeildar starfsárið 2021-2022 – haldinn á Zoom, 23. febrúar kl. 19:30

Setning fundar

Hildur formaður setti fundinn, bauð konur velkomnar, flutti kveðjur frá fjarstöddum konum og bauð Hönnu að kveikja á kertum. Jónína sá um fundarstjórn fyrir hönd undirbúningshóps og fór hún yfir fyrirhugaða dagskrá.

Orð til umhugsunar

Aníta flutti orð til umhugsunar og gerði að umtalsefni hvernig áhugi á ýmsum málefnum liggja stundum í rótum okkar og færast milli kynslóða. Að loknum orðum Anítu lagði hún til að fundarkonur hlustuðu saman á Lífsbókina, ljóð eftir Laufeyju Jakobsdóttur, ömmusystur Anítu, við lag Bergþóru Árnadóttur í hennar flutningi.

Fundargerð síðasta fundar

Elín las fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt.

Erindi frá stjórn

- Hildur sagði uppstillinganefnd hafa ráðið ráðum sínum en hana skipar núverandi stjórn. Ljóst sé að þrjár konur gangi úr stjórn þær Huguína, Elín og Sigríður.
- Útbreiðslunefnd hafði leitað eftir uppástungum frá Betasysturum um nýjar konur í deildina. Stungið var upp á fimm konum sem voru kynntar á fundinum. Betasystur voru beðnar um að hafa samband við útbreiðslunefnd á næstu vikum vilji þær koma á framfæri athugasemdum vegna tilnefninganna. Fyrirhugað er að kosning fari fram um tilnefningar á fundi þann 31. mars.

Happdrætti

Ekki var dregið í happdrættinu að þessu sinni en Hildur sagði að búið væri að endurræsa happdrættið nokkrum sinnum síðustu misserin en færi vonandi að komast góð regla á það aftur. Næst þegar við hittumst er ráðgert að draga í happdrættinu.

Pyngjan góða

Hildur minnti konur á pyngjuna sem væri nú á rafrænu formi.

Erindi

Gestur fundarins var Elfa Ýr Gylfadóttir framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar en konur hlustuðu saman á erindi hennar sem er á netinu. Erindi Elfu fjallaði um upplýsingóreiðuna og hvernig hún leitast við að breyta hegðun fólks og getur haft mismunandi tilgang. Hún fjallaði um mikilvægi góðs miðalæsis einstaklinga til að ráða við óreiðuna.

Í kjölfar erindisins fóru konur í fjóra umræðuhópa og hugleiddu saman hvernig hægt sé að efla miðlalæsi hjá mismunandi aldurshópum. Margvíslegar hugmyndir komu fram í hugleiðingum umræðuhópanna s.s.

- Hættulegt hve alls kyns fals er orðið nákvæmt og vandað sem skapar erfiðleika við að átta sig á falsinu
- Mikilvægi þess að fræða alla aldurshópa og ekki gleyma þeim elstu.
- Fjölmiðlar þurfa að vera virkir og sýnilegir í að fræða.
- Mismunandi miðlar sem ná til mismunandi hópa.
- Ná þarf til foreldra varðandi fræðslu ungra barna.
- Tengist verulega siðvitund, sjálfsmynd og gagnrýnni hugsun.
- Hafa alltaf hugfast hver segir söguna, hvaðan kemur sagan, hver segir fréttina.
- Átta sig á einkennum falsfrétta. Stoppa og hugsa.
- Hugsa um hvernig við sjálfar notum miðlana.
- Skólar þurfi að hafa gott efni til að styðjast við.
- Kennaramenntunarstofnanir þurfi að vera vakandi fyrir að undirbúa kennaraefni í þessum málum.

Önnur mál

Þorgerður bað um orðið í lok fundar og sagði í farvatninu að konur sem hætta eru að vinna hittist einu sinni í mánuði t.d. á kaffihúsi. Allar konur eru velkomnar og er fyrsti hittingurinn næsta mánudag á Bláu könnunni.

Fundarslit

Jónína þakkaði konum fundarsetuna og bauð Hönnu að slökkva á kertum. Fundi var slitið kl. 20:50.

Fundargerð ritaði Elín Elísabet Magnúsdóttir